


Alþingi
Erindi nr. P 130/2155
komudagur 27.04.2004



VÉLSTJÓRAFÉLAG ÍSLANDS

Nefndasvið Alþingis,
Sjávarútvegsnefnd,
Þórshamri v/Templarasund,
150 Reykjavík.

Reykjavík 26. apríl 2004

Efni: Umsögn um breytingu á lögum, nr.38/1990, um stjórn fiskveiða, mál 485.

Frumvarpið gerir ráð fyrir því að sóknardagar, samkvæmt 6. gr. nefndra laga, verði aldrei færri en 23 og einnig því að fyrir hver 20 þúsund tonn leyfðs afla af þorski umfram 230 þúsund tonn árlega skuli þeim fjölgað um einn dag.

Nú er það svo að í 2. mgr. 6. gr. gildandi laga er kveðið á um að hlutur viðkomandi skipaflokks af heildarúthlutuninni skuli vera 0,67%. Þannig er gert ráð fyrir því í gildandi lögum að þessi hópur skipa haldi alltaf sama hlutfalli af heildarúthlutun.

Á fiskveiðiárunum 01/02 og 02/03 var þessum hópi skipa úthlutað 3071 tonni af þorski. Aflinn varð aftur á móti 48148 tonn. Mismunurinn nam 45075 tonnum eða 1568%. Bæði árin hafði hvert skip 21 sóknardag. Af framanskráðu má ljóst vera að það er úti hött að setja 23 daga gólf í dagafjöldann þar sem þessi hópur skipa er þegar með alltof rúmar veiðiheimildir nær væri að setja tryggari reglur um hvernig tryggja mætti að veiði hópsins sé í samræmi við árlega úthlutun.

Vélstjórafélag Íslands leggst alfarið gegn efni frumvarpsins.

Virðingarfyllt,
f.h. Vélstjórafélags Íslands



Helgi Laxdal, formaður

Fagmenn til sjós og lands!